

Dags eftirlits	1.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Nordic Fish Leather	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgarmýri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6012190930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Ársælsson	ÍSAT nr.	15.11.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að áfram skuli lögð áhersla á merkingar efnambúða og uppsetningu lekavarna. Eldri frávikum er ekki lokið en unnið er skv. úrbótaáætlun um mælingar á frárennsli og geymslu efna með viðeigandi hætti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða sútunarverksmiðjuna Nordic Fish Leather, Sauðárkróki. Verksmiðjan er með starfsleyfi sem gildir til desember 2029, gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Heimild er til að starfrækja vinnslu á skinum og roði. Framleiðslumagn er ekki tiltekið í starfsleyfinu.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Mengunarvarnir
- Húsnæði og lóð
- Meðhöndlun úrgangs og frágangur spilliefna
- Eftirlitsmælingar og frárennsli
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Tvö frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2021. Þau snúa að því að engin hreinsun er á frárennsli verksmiðjunnar og að efnageymslur uppfylla ekki skilyrði um lekavarnir og merkingar. Rekstraraðili vinnur að úrbótum skv. áætlun og hafa merkingar verið stórbættar, lekavarnir eru að mestu komnar í lag og tekin verða sýni úr fráveitu til greiningar fyrir 12. september nk. og verða niðurstöðurnar sendar eftirlitsaðila um leið og þær berast.

Tvær ábendingar voru settar fram varðandi framleiðslutölur og að huga að mælingum á efnastyrk í útblæstri. Einnig var bent á að merkja þurfi öll efni og efnablöndur með viðeigandi hætti m.t.t. varúða- og hættumerkinga. Brugðist hefur verið við ábendingunum og unnið er að úrbótum.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Umfang starfseminnar er fremur lítið og langt undir 12 tonnum á dag og því er ljóst að BAT niðurstöður sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út árið 2013 um bestu aðgengilega tækni vegna losunar frá iðnaði vegna sútunar á húðum og skinum ná ekki yfir rekstur sútunarverksmiðjunnar.

Rekstraraðili vinnur að því að öll efni sem notuð eru í vinnslunni séu eins umhverfisvæn og unnt er og að þau standist öll ákvæði REACH. Einnig er stefnt að því að minnka notkun efna eins og kostur er.

Skipt hefur verið um efni sem notuð eru til yfirborðsmeðhöndlunar og litla sem enga efnalykt var að finna þegar gegnið var um vinnsluna. Notkun rokkgjarnra efna er því lítil sem engin. Stefnt er að því að minnka notkun króms í vinnslunni um allt að 25% á árinu. Rekstraraðili hefur tekið saman lista yfir þau efni sem

unnið er með í vinnslunni og sent til eftirlitsaðila. Öryggisblöð var að finna í möppum á skrifstofu.

Rekstraraðili tekur þátt í evrópskum samstarfsverkefnum sem miða að því að bæta rekstur sútunarverksmiðja m.t.t. umhverfismála og efnanotkunar. Unnið er að setningu umhverfismarkmiða og verða þau sett inn á vefsíðu rekstraraðila.

Gengið var um verksmiðjuna og hún skoðuð. Vinnslusvæði rekstraraðila er skipt upp í þrjú svæði. Svæði A: sem er votrymi fyrir sýtun og litun ásamt móttöku hráefna. Unnið er að koma öllum efnum í lekabyttur og í viðeigandi geymslu og er því nánast lokið. Rekstraraðili sendir myndir því til staðfestingar að verki loknu. Merkingar hafa verið bættar, þó enn hafi mátt finna nokkur ómerkt ílát inni á rannsóknarstofu inn af votryminu. Minnt er á að klára vinnu við merkingu allra efnaláta.

Svæði B: er þurrými þar sem fram fer þurrkun, strekking, slípun og yfirborðsmeðhöndlun. Á svæðinu hefur verið sett upp lekavarnarsvæði úr brettum og þéttum segldúk. Umhverfisstofnun samþykkir notkun á lekavörninni en minnt er á að huga þarf að góðu viðhaldi og að rýmið sé ávallt samsvarandi þess efnamagns sem geymt er í lekavörninni.

Svæði C: er ætlað fyrir frágang, flokkun og yfirborðsmeðferð. Þar er einnig þurrkofn með afsog með pokasíu.

Verkmiðjan var snyrtileg á að líta og hefur verið unnið vel og markvisst að umbótum í vinnslurýmnum.

Allur úrgangur fer til Flokku.

Engar kröfur eru um í starfsleyfi að ársskýrslu, Grænu bókhaldi né útstreymisbókhaldi sé skilað til eftirlitsaðila. Skráningar og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að áfram skuli áhersla lögð á merkingu efnaumbúða m.t.t. hættu- og varúðarmerkinga.

Ábending er sett fram um að ljúka skuli vinnu við uppsetningu lekavarna við fyrsta tækifæri.

ANNAÐ

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist til eftirlitsaðila, né rekstraraðila, frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað.

Minnt er á að verði reksturinn fluttur á nýja starfsstöð eða gerð verður eignarhaldsbreyting þá skal sækja um samsvarandi breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Málshraði stofnunarinnar er allt að 8 mánuðir við útgáfu nýs starfsleyfis.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 06.10.2022


Guðbjörg Stella Árnadóttir